

Sólberg Svanur Bjarnason  
Deildarstjóri almannavarnardeildar  
Ríkislögreglustjóri  
Skúlagötu 21  
101 Reykjavík

Garðabær, 24. júlí 2023  
Málsnúmer: 202307-0027  
JG/IAS

### Efni: Beiðni um umsögn vegna gróðurelda á gosstöðvum við Litla-Hrút.

Við er í tölvubréf frá Almannavörnum, dags. 24. júlí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna gróðurelda á gosstöðvunum við Litla-Hrút.

Gróðureldarnir sem orðið hafa nú þegar á gossvæðinu við Litla-Hrút hafa nú þegar valið mikilli gróðureyðingu og skaða á gróðri og lífríki og munu halda áfram að valda skaða ef ekki tekst að hamla útbreiðslu þeirra. Moslendi, sem er algengasta gróðurlendið á svæðinu, er mun lengur að ná sér eftir gróðurelda en t.d. þegar graslendi og mýrlendi brennur þar sem mosar, og sumar tegundir lyngs, sem einnig er mjög algengt á svæðinu, eru mjög lengi að vaxa aftur eftir bruna. Þegar moslendi brennur verður gjarnan albruni og gróðurþekjan hverfur alveg og jarðvegurinn stendur eftir óvarinn og er viss hætta á að hann geti fokið upp í kjölfarið. Í ljósi umfangs svæðisins væri slíkt mjög afdrifaríkt fyrir svæðið. Auk áhrifa á gróður hefur mosabruni einnig mikil áhrif á annað lífríki svæðisins s.s. smádyr, fugla o.fl. Því gróðurlendin eru búsvæði þeirra.

Hugsanlegar aðgerðir, sem hafa verið nefndar til að hemja útbreiðslu gróðureldana, eru að rjúfa gróðurþekju á ákveðnu beltí með stórvirkum vinnuvélum til að freista þess að stöðva för eldsins. Við það mun verða til gróðurlaust beltí og yfirborð hrauns mun líklega láta á sjá. Náttúrufræðistofnun metur það svo að slíkt svæði yrði þó margfalt minna að flatarmáli en það svæði sem er í hættu á að brenna áfram illa miðað við útbreiðslu eldsins og umfang þess svæðis sem nú þegar hefur brunnið. Samkvæmt loftmynd sem tekin var 18. júlí var umfang mosabrunans t.d. orðin 188 ha (þar sem ekki var nýrunnið hraun) og hafa eldarnir blossað upp aftur.

Nútímahraun njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum nr. 60/2013 og ber að forðast að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Að mati Náttúrufræðistofnunar er brýn nauðsyn á að grípa til aðgerða til að stöðva gróðureldana þó að það hafi í för með sér röskun á nútímahraunum og því veitir stofnunin fyrir sitt leyti heimild til að rjúfa með nægjanlega stórt svæði á milli gróðurelda og óbrunnins svæðis svo eldarnir stöðvist. Forðast skal eins og hægt er að raska merkjum jarðminjum, svo sem gígum, hraunhellum, hraundrýlum, hrauntröðum og þrýstihryggjum. Leyfi þetta er ótímabundið en verður endurskoðað á næstu dögum eða vikum þegar reynsla verður komin á virkni aðgerðanna.

Virðingarfyllst,

Járngerður Grétarsdóttir  
gróðurvistfræðingur, á sviði rannsókna og vöktunar.

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur, á sviði náttúruverndar

